

Árspaning HSP haldið í Ljósvefningabúð laugardaginn 12. mars 2011.

1. Þingsetning: Formaður HSP Jóhanna Kristjánsdóttir setti þing og bauð fundarmenn velkomna.

Skipun starfsmanna: Skipaðir voru eftirfarandi:

Þingforsetar: Baldur Daníelsson
Friðrika B Illugadóttir
Ritarar: Hulda E. Skarphéðinsdóttir
Helen Jónsdóttir og Birna Davíðsdóttir

Skipun kjörbréfanefndar: Hermann Aðalsteinsson

Birna Davíðsdóttir

Einar Ingi Hermansson

2. Skýrsla stjórnar og reikningar:

Jóhanna las skýrslu stjórnar. (sjá í ársskýrslu)

Rósa Backmann bókhaldari HSP las reikninga félagsins og aksturssjóðs. (sjá í ársskýrslu)

3. Álit kjörbréfanefndar.

Hermann Aðalsteinsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Aðildarfélag HSP eru 29 og mættu 51 félagi frá 19 félögum. Til að þingið sé löglegt þarf að mæta frá 18 félögum.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga .

Linda Baldursdóttir bað um orðið og vildi vekja athygli á því að reikningar HSP væru í plús í fyrsta sinn í 8 ár a.m.k. og var klappað fyrir því.

Reikningar HSP samþykktir samhljóða og einnig reikningar fyrir aksturssjóðs.

5. Ávörp gesta.

a) Helga Guðjónsdóttir formaður UMFÍ steig í pontu og fannst henni ánægjulegt að vera komin í fyrsta sinn á þing hjá HSP. Færði fundarmönnum góðar kveðjur frá stjórn UMFÍ. Þakkaði fyrir góða umgjörð um skýrslu og reikninga. Einnig hrósaði hún unglíngunum okkar á síðasta ulingalandsmóti fyrir fyrirmyndar framkomu enda fóru þau heim með fyrirmyndarbikarinn. Greindi frá undirbúningi fyrir unglíngalandsmóti 2011 sem haldið verður á Egilsstöðum í sumar. Helga sagðist styðja HSP um að halda unglíngalandsmót 2014. Helga benti á ýmisverkefni á vegum UMFÍ s.s. á leiðtogaskólann, ráðstefnur fyrir ungt fólk og evrópa unga fólksins. UMFÍ er búið að ákveða að halda Landsmót fyrir 50 ára og eldri, auglýst er eftir mótshöldurum. Helga hvetur fólk til að sækja um styrki í verkefnasjóð, umhverfisjóð og fræðslusjóð. Við þurfum að standa vörð um Lóttótekjurnar, erum með leyfið til 2018. Hlutverk UMFÍ hefur breyst, ný verkefni og viðfangsefni finnast ætíð til að vinna að. Hvatti að lokum að láta til okkar taka og horfa fram á veginn. Þurfum að vera duglegri að láta vita hvað við erum að gera. Betur sjá augu en auga. Að lokum var henni falið mjög skemmtilegt verkefni fyrir hreyfinguna þ.e. að afhenda starfsmerki UMFÍ. Starfsmerkið hlaut Þóra Friður Björnsdóttir frá umf Eflingu og er hún vel þess verð, hefur verið vel virk í hreyfingunni í mörg ár. Þóra er konan bak við tjöldin.

b) Þorgrímur Þráinsson er í varastjórn ÍSÍ, og er þetta fyrsta þing sem hann situr. Flutti kveðju frá sjórn ÍSÍ. Þorgrímur starfar mest við forvarnir og kynningar á þeim. Einnig benti hann á ÍSÍ á netinu þar sem ýmislegt er að finna s.s. fréttir, fjarnám, fyrirmyndarfélag, og tveir nýjir bæklingar eru einnig á netinu. Bauð sig fram í að koma og flytja fyrirlestur í skólum og eða hjá íþróttarfélögum. Einnig flutti hann mikið gaman mál. Jóhanna setti pressu á hann að koma með eitthvað í bundnu máli. Hann kom með vísu um leiðbeiningar Jóhönnu á staðsetningu Ljósavetningarbúðar.

Hún talaði sífellt um hólur og kinnar

helvíti var erfitt að skiljana

Dró upp landslag æsku sinnar

er ekki langbest að giljana.

6. Mál lögð fyrir þingið.

Tillögur eru með í fylgigögnum.

Haldóra Gunnarsdóttir lagði fram tillögur um Lög og ráð HSP
Erla Bjarnadóttir lagði fram reglugerð fyrir Afreksmannasjóð HSP.
Haldóra Gunnarsdóttir lagði fram erindisbréf fyrir nefndir HSP

Haldóra kastaði fram fyrri parti og vildi að fundarmenn botnuðu:

Lítill skulu leiðindi

Í Ljósvefningabúð

Hermann Aðalsteinsson leggur fram reglugerð fyrir kjör íþróttamanns HSP
Birkir Jónasson leggur fram viðauka við lottóreglugerð.
Sveinn Aðalsteinsson leggur fram fjárhagsáætlun HSP fyrir árið 2011.
Jóhanna Kristjánsdóttir leggur fram tillögur frá stjórn HSP
Friðrika B. Illugadóttir leggur fram tillögu frá frjálsíþróttaráði HSP.

7. Skipan í nefndir:

Laganefnd, formaður: Stefán Jónasson. Íþróttanefnd, formaður: Þorsteinn Þormóðsson, Fjárhagsnefnd:
formaður: Linda Baldursdóttir Allsherjarnefnd, formaður Anna Sigrún Mikaeladóttir.

Hádegishlé.

Nýr framkvæmdarstjóri Elín Sigurborg Harðardóttir kvað sér hljóðs og þakkaði hún fyrir sig. Bjartsýn á framhaldið kom með seinni part af fyrripartinum hennar Halldóru, sem hljómar svona.

Lítill skulu leiðindi

Í Ljósvefningabúð

hef ég haft að þessu yndi

og hverf héðan með gæsa húð.

Sveinn gerði grein fyrir afrekum íþróttafólksins sem er í kjöri sem íþróttamaður HSP og kosningu íþróttamanns HSP.

8. Nefndir skila af sér. Umræður og afgreiðsla.

Stefán gerir grein fyrir tillögum sem að laganefnd fjallaði um:

a) Lög ráða HSP

Laganefnd leggur þessa tillögu óbreytta fram.

Árþing HSP, haldið í Ljósvefningabúð 12. mars 2011 samþykkir eftirfarandi tillögu um **Lög
_____ ráð HSP.**

1. grein

_____ráð Héraðssambands Þingeyinga (_____ráð HSP) er samtök aðildarféлага HSP eða deilda þeirra sem hafa keppendur í _____ innan sinna raða. Ráðið starfar innan HSP og samkvæmt lögum ÍSÍ og viðkomandi sérsambands.

2. grein

Markmið _____ráðs HSP er að vinna að vexti og viðgangi viðkomandi íþróttagreinar á svæði HSP og vera samstarfsvettvangur aðildarféлага HSP í greininni.

3. grein

Málefnum ráðsins stjórna: 1. Aðalfundur, 2. Stjórn.

4. grein

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert. Stjórn skal boða hann skriflega til aðildarfélaga ráðsins með minnst 7 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur hafi löglega verið til hans boðað.

5. grein

Aðalfundi sitja fulltrúar þeirra félaga eða deilda innan HSP sem aðild eiga að ráðinu. Hvert félag eða deild ráðsins hefur rétt til að senda einn fulltrúa á aðalfundinn. Auk þess hafa félög eða deildir rétt á einum til viðbótar fyrir hverja 20 iðkendur sem þeir áttu samkvæmt starfsskýrslum eða brot úr þeirri tölu. Dæmi: 1-20 iðkendur = 2 fulltrúar, 21-40 iðkendur = 3 fulltrúar o.s.frv.

6. grein

Aðeins kjörnir fulltrúar félaganna hafa atkvæðisrétt á fundinum. Enginn getur farið með meira en eitt atkvæði á fundinum. Aðrir félagsmenn hafa rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Einnig er stjórn heimilt að bjóða mönnum fundarsetu, ef hún telur ástæðu til. Í upphafi aðalfundar skal kjósa kjörbréfanefnd sem yfirfer kjörbréf fulltrúa félaganna og gerir tillögu um afgreiðslu þeirra.

7. grein

Dagskrá aðalfundar er:

1. Setning aðalfundar
2. Kosning fundarstjóra og ritara.
3. Kosning kjörbréfanefndar og allsherjarnefndar (3 menn í hvora)
4. Skýrsla fráfarandi stjórnar.
5. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar ásamt fjárhagsáætlun næsta árs. Einnig árástíllögur ef til kemur.
6. Lagabreytingar og tillögur sem borist hafa, teknar til meðferðar.
7. Kosning formanns ráðsins.
8. Kosning ritara sem er jafnframt varaformaður.
9. Kosning gjaldkera.
10. Kosning tveggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna.
11. Önnur mál.
12. Fundi slitið.

8. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum nema um tillögur til lagabreytinga, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Allar lagabreytingar verða að fá samþykki stjórnar HSP sem getur ef hún telur ástæðu til óskað umsagnar viðkomandi sérsambands um lagabreytingar.

9. grein

Stjórn _____ráðsins getur skipað í starfsnefndir og sett þeim erindisbréf, til að vinna að afmörkuðum verkefnum í starfsemi ráðsins. Slíkar nefndir heyra beint undir stjórn.

10. grein

Reikningsár _____ráð HSP er almanaksárið. Reikningar ráðsins og skýrsla stjórnar skal berast stjórn HSP árlega fyrir 1. febrúar. Lántaka fjármuna er stjórn ráðsins ekki heimil nema í samráði við stjórn HSP.

11. grein

Tillögu um að leggja _____ráð HSP niður er aðeins hægt að taka fyrir á löglegum aðalfundi og þarf minnst 2/3 hluta atkvæða til að teljast samþykkt. Sami fundur ákveður hvernig eignum ráðsins verði ráðstafað. Þeim má þó aðeins verja til viðkomandi íþróttagreinar á svæði HSP.

Tillagan lögð fram á Ársþingi HSP 12. mars og samþykkt.

b) Erindisbréf fyrir nefndir

Laganefnd leggur til að tillagan fari óbreytt fram:

Árþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 samþykkir eftirfarandi

Erindisbréf fyrir nefndir HSP

1. grein

Árþing skal árlega kjósa í starfsnefndir HSP sem annist ýmis mál sem árþing og stjórn kann að fela þeim. Árþing ákveður hverju sinni fjölda aðal- og varamanna í þeim nefndum sem kosnar eru á þingi. Tala nefndarmanna skal standa á stöku og formaður tilnefndur sérstaklega á árþingi. Þá er stjórn HSP heimilt að kjósa í starfsnefndir vegna ákveðina verkefna á vegum HSP. Þar sem sérráð eru starfandi, samanber 8. kafla laga ÍSÍ, hefur viðkomandi ráð yfirumsjón með íþróttamálum innan héraðs í viðkomandi grein.

2. grein

Nefndir skulu starfa í nánú samstarfi við stjórn og framkvæmdastjóra sambandsins og vinna að þeim verkefnum sem stjórn og árþing hefur falið þeim. Sérráð verða að skila ársuppgjöri og fjárhagsáætlun til stjórnar HSP.

3. grein

Nefndir og ráð skulu sjá um framkvæmd héraðsmóta. Nefndum og ráðum er einnig heimilt að semja um að aðildarfélög HSP taki að sér framkvæmd héraðsmóta. Nefndir og ráð skulu sjá um undirbúning og þátttöku í viðkomandi grein á Landsmótum UMFÍ. Þær skulu sjá um að örugg forysta og fararstjórn sé jafnan með hverjum hópi á Landsmótum. Ákveði félög að senda sameiginlegt lið til keppni á önnur mót á landsvísu undir merkjum HSP skulu nefndir sjá um undirbúning, þátttöku og fararstjórn í samráði við viðkomandi félög. Þar sem ráð eru starfandi ákveður aðalfundur ráða hvernig þessum málum skuli háttað.

4. grein

Nefndir skulu í samstarfi við stjórn og framkvæmdastjóra HSP ákveða þáttökugjöld á héraðsmótum HSP. Þar sem ráð eru starfandi skulu þáttökugjöld ákveðin á aðalfundi viðkomandi ráðs. Þáttökugjöld skulu taka mið af kostnaði vegna mótshaldsins. Þáttökugjöld skulu innheimt áður en mót hefst.

5. grein

Nefndir og ráð skulu sjá um að séu fyrir hendi farandverðlaunagripir á héraðsmótum og skrá verðlaunahafa með öruggum hætti. Þó skulu nefndir aðeins kaupa verðlaunagripir með samþykki stjórnar HSP. Nefndir skulu sjá til þess að verðlaunapeningar séu veittir fyrir þrjú fyrstu sætin í öllum flokkum á héraðsmótum HSP. Nefndum og ráðum er þó heimilt að falla frá þessari reglu, ef þáttökufélög óska þess. Í flokkum 12 ára og yngri skulu allir þátttakendur fá jafna viðurkenningu.

6. grein

Nefndir og ráð skulu taka saman úrslit einstakra móta og leikja strax að mótum loknum og sjá til þess í samráði við stjórn/framkvæmdastjóra HSP, að þau birtist fljótlega í fjölmiðlum og á heimasíðu HSP.

7. grein

Nefndir og ráð skulu í lok starfsárs velja íþróttamann HSP í viðkomandi grein, samanber reglugerð um kjör íþróttamanns HSP. Þá skulu nefndir og ráð taka saman starfsskýrslu, sem skilist til stjórnar HSP fyrir 1. febrúar ár hvert. Skýrslan eða úrdráttur úr henni verður birt í ársskýrslu HSP.

8. grein

Nefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni HSP.

9. grein

Með erindisbréfi þessu eru allar aðrar reglur um nefndir HSP úr gildi fallnar.

Tillagan lögð fram á Árþingi HSP 12.mars og samþykkt.

c) Afreksmannasjóður HSP

Laganefnd lagði til eftirfarandi breytingar og benti á að tekjumöguleikar sjóðsins væru mjög takmarkaðar eins og reglurnar væru. Umræður urðu hvort rétt væri að bæta hópíþróttum inn í grein 2. Sveinn taldi miklu auðveldara fyrir hópíþróttir að fá styrki en einstaklinga. Óli vildi ekki að við gerðum upp á milli barnana okkar hvort sem þau kepptu í hópíþrótt eða einstaklings. Að lokum það álitid að það væri stjórn sjóðsins að ákveða hverjir fengu styrki.

Afreksmannasjóður HSP

Árþing HSP haldið í Ljósveitningabúð 12. mars 2011 samþykkir eftirfarandi reglugerð fyrir Afreksmannasjóð HSP.

1. Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður HSP og er stofnaður á árþingi HSP 12. mars 2011.
2. Tilgangur sjóðsins er að styrkja einstaklinga innan HSP sem eru í A-landslíðum Íslands í einstaklings og hópíþróttum.
3. Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja, auk vaxtatekna.
4. Heimilt er að veita úr sjóðnum á hverjum tíma öllu því fé sem í honum er. Stjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.
5. Þriggja manna stjórn skal kjörin á árþingi HSP og mótar hún sér verklagsreglur varðandi úthlutun.
6. Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSP.
7. Á árþingi HSP ár hvert skal gerð grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.
8. Skoðunarmenn HSP annast jafnframt endurskoðun reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
9. Breytingar á reglugerð þessari er aðeins hægt að gera á árþingi HSP.

Tillagan lögð fram á Árþingi HSP 12. mars og samþykkt.

d) Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns HSP.

Laganefnd lagði tillöguna fram í breyttri mynd bætti við 5 grein. Sveinn taldi 5 grein óþarfa, því ekki væru til reglur um kjörið. Óli trúði ekki að það væru ekki til reglur um kjör á íþróttamanni HSP. Sveinn sagði svo vera. Talið betra að hafa varan á og bæta við 5 gr. þó ekki hafi fundist reglur fyrir kjör íþróttamanns HSP.

Árspaning HSP haldið í Ljósvefningabúð 12. mars 2011 samþykkir eftirfarandi

Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns HSP

1. gr.

Íþróttanefndir og sérráð HSP skulu skila tilnefningu eins íþróttamanns til stjórnar HSP eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu svo sem met o. fl. Skilyrði fyrir tilnefningu er að íþróttamaður hafi verið löglegur keppandi í aðildarfélagi HSP þegar árangur náðist.

2. gr.

Skili íþróttanefndir eða sérráð ekki tilnefningu á réttum tíma skal stjórn HSP tilnefna íþróttamann í viðkomandi grein, þannig að hann komi til álita við kjörið. Stjórn HSP er heimilt að tilnefna íþróttamann í þeim greinum þar sem nefndir og ráð eru ekki starfandi.

3. gr.

Stjórn HSP skal árlega skipa fimm manna valnefnd sem velur íþróttamann HSP, úr röðum þeirra sem tilnefndir eru hjá nefndum og ráðum.

4. gr.

Formleg útnefning íþróttamanns HSP fer fram á ársþingi, þar sem íþróttamenn hveirrar greinar hljóta einnig viðurkenningu.

5. gr.

Með reglugerð þessari falla eldri reglugerðir úr gildi.

Tillagan lögð fram á Ársþingi HSP 12. mars 2011 og samþykkt.

Linda Baldursdóttir formaður fjárhagsnefndar lagði fram tillögur sem voru lagðar fyrir nefndina.

a) Fjárhagsáætlun

Fjárhagsnefnd lagði tillöguna óbreytta fram og lýstu ánægju sinni með áætlunina. Linda fjárhagsáætlun lagði óbreytta fjárhags áætlun fram og ítrekaði ánægju sína með að reksturinn væri í plús. Óli taldi að reksturinn væri kannski ekki bara í plús því akstur sjóður er í mínus. Sveinn svaraði og sagði að í aksturssjóði væru til peningar sem ætti að eyða og ætti því að vera í mínus.

Héraðssamband Þingeyinga

Fjárhagsáætlun 2011

Tekjur:	Áætlun 2005	Rekstur 2005	Áætlun 2006	Rekstur 2006	Áætlun 2007	Rekstur 2007	Áætlun 2008	Rekstur 2008	Áætlun 2009	Rekstur 2009	Áætlun 2010	Rekstur 2010	Áætlun 2011
Skattar félaga				#	#	#	#	#	#		900.00	1.123.2	1.056.0

										0	00	00
Styrkir Sveitarfél.			#	#	#	#	#	#		2.300.000	1.333.600	2.200.000
Önnur framlög			#	#	#	#	#	#		500.000	1.395.265	500.000
Lottó			#	#	#	#	#	#		4.000.000	4.522.999	4.500.000
Dagatöl			#	#	#	#	#	#		900.000	395.400	900.000
Ýmsar tekjur			#	#	#	#	#	#		500.000	65.135	50.000
Getraunir			#	#	#	#	#	#		300.000	-	-
Vextir			#	#	#	#	#	#		70.000	97.437	30.000
Útbreiðslustyrkur			#	#	#	#	#	#		200.000	294.848	250.000
M í mót			#	#	#	#	#	#		500.000	91.500	-
Æfingargj./Skrán.			#	#	#	#	#	#		2.000.000	2.059.072	2.000.000
Sölustarf			#	#	#	#	#	#		100.000	87.500	100.000
Styrkir Afreksmannasj.					#					-	800.000	800.000
Samtals			#	#	#	#	#	#		12.270.000	12.265.956	12.386.000
Gjöld:												
Stjórnunarkostn.			#	#	#	#	#	#		4.200.000	3.833.036	4.000.000
Lottó til félaga			#	#	#	#	#	#		3.200.000	3.618.399	3.600.000
Dagatöl			#		#	#	#	#		500.000	-	500.000
Þjálfun frjálsar			#	#	#	#	#	#		1.500.000	1.506.000	1.500.000
Bridds			#	#	#	#	#	#		-	-	-
Frjálsar íþróttir			#	#	#	#	#	#		1.200.000	1.073.316	1.100.000
Íþróttatæki			#	#	#	#	#	#		-	-	-
Glíma			#	#	#	#	#	#		-	-	-
Knattspyrna			#	#	#	#	#	#		20.000	55.500	50.000

Sund				#	#	#	#	#	#		50.000	38.450	40.000
Skák				#	#	#	#	#	#		-	9.000	10.000
Ýmis kostnaður				#	#	#	#	#	#		40.000	-	-
Bikarmót				#	#	#	#	#	#		250.00 0		-
Afreksm.sjó ður				#	#	#	#	#	#		-	600.00 0	1.000.0 00
Landsmót				#	#	#	#		#		225.00 0	112.70 3	50.000
Vörukaup				#	#	#	#	#	#		120.00 0	193.89 7	120.00 0
Vextir/þjónu stugj.				#	#	#	#	#	#		25.000	46.419	40.000
Fræðslusjó ður				#	#	#	#		#		120.00 0	-	150.00 0
Afskrifað				#	#	#	#		#		250.00 0	-	-
Eignayfirfæ rsla												-	-
Afskriftir												-	-
Samtals:				#	#	#	#	#	#		11.700. 000	11.086. 720	12.160. 000
Hagnaður/ Tap				#	#	#	#	#	#		570.00 0	1.179.2 36	226.00 0

(er ekki með fjárhagsáætlun í tölvuformi)

b) Viðauki með lottóreglugerð

Fjárlaganefnd fjallaði um 4 gr. sem er ný. Nefndin leggur til að varasjóður verði notaður eingöngu til að verja starf framkvæmdastjóra. Umræður urðu um viðaukann og greindi Jóhanna formaður að allur launakostnaður kæmi frá 7 sveitarfélögum. Telur einnig mikilvægt að eiga varasjóð því mörg sveitarfélög eru illastödd og því óvíst um fjárhagsstuðning frá sveitarfélögum eftir árið 2011. Jóhanna leggur til að varasjóður verði að vera til og að lámarki 1,5 milljón. Óli leggur til að skiptingin verði 40% / 60%. Óli taldi að formaður væri að biðja um að fólk kæmi ekki á þing þannig að HSP fengi pening. Jóhanna telur mikilvægt að aðildarfélög fái 80 % og telur líka mikilvægt að félög mæti á þingið. Að auki taldi Jóhanna gott að eiga varasjóð fyrir afmælisárið.

Linda lagði fram viðauka við lottóreglugerð.

Viðauki við lottóreglugerð

Ársþing HSP haldið í Ljósveitningabúð 12. mars 2011 samþykkir eftirfarandi viðauka við lottóreglugerð HSP:

1. Mæti félag ekki með fulltrúa á ársþing HSP fær það félag ekki úthlutað úr lottó. Einnig þarf félag að hafa skilað starfsskýrslu fyrir úthlutunarárið.
2. 20% lottótekna rennur til HSP
80% lottótekna rennur til aðildarfélaga HSP
3. Skipting á hlut aðildarfélaga:
15% eftir mætingu á ársþing
70% eftir iðkendatali 6-17 ára
15% vegna félagsmanna 18 ára og eldri.

4 Sá varasjóður sem kann að myndast ef aðildarfélög mæta ekki á ársþing HSP, skal hafa að geyma ekki hærrí en 1.000.000 kr sem eingöngu verður notaður til að verja starf framkvæmdastjóra HSP. Fjármagni umfram 1.000.000 kr skal endurúthluta samkvæmt mætingu á ársþing HSP á því ári sem umfram eign verður til.

Tillagan lögð fram á Ársþingi HSP 12. mars 2011 og samþykkt.

- c) Fjárlaganefnd leggur fram ályktun, áskorun til Innanríkisráðherra um að standa vörð um úthlutun á lottópeningum. Laganefnd var líka með þessa tillögu og var eftirfarandi tillaga samþykkt eftir umræður og orðabreytingar.

Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12 mars 2011 mótmælir eindregið þeim hugmyndum sem komið hafa fram um aðild annara en núverandi eigenda að tekjum íslenskar getspar.

Formaður íþróttanefndar Þorsteinn Þormóðsson leggur fram tillögur sem lagðar voru fyrir nefndina.

- a) Héraðsmót HSP. Miklar umræður urðu um tillögu frá frjálsíþróttaráði og ekki allir á sama máli. Jóhann frá Austra sér ekki ástæðu til að leggja niður stigakeppni á Héraðsmótum, Stefán gagngrýnir framsetningu á tillögunni og veltir fyrir sér hvaða mót sé verið að tala um. Linda kynnir sínar hugmyndir. Ríkka skýrir tillögunna betur og viðurkennir að tillagan sé ekki nógu skýr. Fleiri taka til máls og að lokum leggur íþróttanefnd eftir farandi tillögu fram.

Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 samþykkir að leggja niður Héraðsmótin í frjálsum íþróttum í núverandi mynd. Héraðsmótin verði haldin með breyttu sniði og stigakeppni milli félaga verði aflögð.

Tillagan samþykkt á ársþingi HSP 12 mars 2011.

- b) Íþróttanefnd og alsherjarnefnd voru báðar með eftirfarandi tillögu. Þó nokkrar umræður urðu um tillöguna. T.d. hvort væri hægt að vera með frjálsíþróttahlutan og sunnið á Laugum. Óli spurði afhverju ekki bara á Laugum. Sveinn svaraði að það vanti plass á Laugum. Jóhanna sagði líka að boltaíþróttir hefðu stækkað mikið. Aðeins rætt um vegalengdir. Anna Rúna nefnir líka að Norðurþing sé ekki tilbúið til að taka þátt í kostnaði við uml ef það er bara haldið á Laugum. Að lokum var tillaga frá stjórn HSP lögð óbreytt fram.

Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 felur stjórn að sækja um Unglingalandsmót UMFÍ á afmælisári HSP 2014 og leita samstarfs við sveitarfélög á starfssvæðinu um það.

Tillagan samþykkt á ársþingi HSP 12. mars 2011.

Íþróttanefnd leggur til óbreytta tillögu frá stjórn HSP um þátttöku á unglíngalandsmót.

Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 hvetur aðildarfélög HSP til að fjölmenna á Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2011.

Mótið hefur ótvírætt forvarnargildi og er góður kostur fyrir alla fjölskylduna.

Tillagan samþykkt á ársþingi HSP 12. mars 2011.

Að lokum hvetur íþróttanefnd félög til að skila inn tilnefningum um íþróttamenn ársins.

Anna Rúna formaður allsherjarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Eftirfarandi tillaga lögð óbreytt fram:

- a) Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum sem styrktu starfsemi sambandsins með einum eða öðrum hætti á árinu 2010

Tillagan lögð fram á ársþingi HSP 12. mars 2011 og samþykkt

- b) Tillaga um afmælisnefnd

Allsherjarnefnd leggur tillöguna breytta fram:

Ársþing HSP haldið í Ljósveitingabúð 12. mars 2011 felur stjórn að hefja undirbúning fyrir 100 ára afmæli HSP 2014. Að afmælisnefnd verði stofnuð og taki til starfa að loknu ársþingi 2012. Einnig að leita leiða til að rita sögu UNP og HSP sem kæmu út á 100 ára afmælisárinu.

Tillagan lögð fram á ársþingi HSP 12. mars 2011 og samþykkt

10. Íþróttamenn HSP verðlaunaafhending.

Frjálsíþróttamaður HSP: Þorsteinn Ingvarsson.

Glímumaður HSP: Pétur Þórir Gunnarsson

Knattspyrnumaður HSP Aron Bjarki Jósepsson.

Sundmaður HSP Valdís Jósefsdóttir.

Íþróttamaður HSP var kosin á þinginu og hlaut Þorsteinn Ingvarsson titilinn. Valdís var eini íþróttamaðurinn sem kom og tók við viðurkenningun hinir sendu fulltrúa.

Kaffi hlé

11. Kosningar Tillaga uppstillingarnefndar lögð fram.

Formaður í kjöri til eins árs (2011)

Jóhanna Kristjánsdóttir Geisli

Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára (2011)

Olga Friðriksdóttir Austri

Hermann Aðalsteinsson Skákf.Goðin

Birna Davíðsdóttir Bjarma

Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára (2010)

Halldóra Gunnarsdóttir UMFL

Birkir Þór Jónasson Völsungi

Erla Bjarnadóttir Völsungi

Varamenn í kjöri til tveggja ára (2011)

Hörður Þ. Benónýsson Efling

Andri Hnikar Jónsson Snörtur

Varamaður í kjöri til eins árs (2011)

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir Leifur Heppni

Skoðunarmenn reikninga

Kristján I. Jóhannesson Bjarmi

Jón Þórir Óskarsson Bjarmi

Til vara

Guðmundur S. Héðinsson Leifur Heppni

Stjórn aksturssjóðs

Sif Jóhannesdóttir Utan félags

Vilborg Stefánsdóttir UMFL

Bergljót Þorsteinsdóttir Einingin

Stjórn afreksmannasjóðs

Jón Benónýsson Utan félags

Sveinn Aðalsteinsson Völsungur

Sóley Sigurðardóttir Völsungur

Unglingalandsmótsnefnd

Aðalsteinn Örn Snæþórsson Leifur Heppni

Örn Logi Hákonarson Völsungur

Birkir Þór Jónasson Völsungur

Knattspyrnunefnd

Yngvi Ragnar Kristjánsson Mývetningi

Þorsteinn Þormóðsson Magna

Guðmundur Jóhannsson UMFL

Sögu- og mynjanefnd (ný nefnd)

Björn Ingólfsson Magna

Arngrímur Geirsson Mývetningi

Brynjar Halldórsson UMFÓ

Haraldur Bóasson

Til vara:

Hólmfríður Halldórsdóttir Snörtur

Landsmótsnefnd fyrir stórt landsmót á Selfossi 2013 Ný nefnd

(Ath einn kemur úr aðalstjórn.)

Kristján Þ. Halldórsson Snörtur

Ingólfur Víðir Ingólfsson Einingin

Almenningsíþróttanefnd (ný nefnd)

Torfhildur Sigurðardóttir Bjarmi

Helen Jónsdóttir Bjarmi

Stefán Viðar Sigtryggsson Leifur Heppni

Tillagan lögð fram á ársþingi HSP 12 mars 2011 og samþykkt.

12. Önnur mál

Jóhanna biður um orðið og þakkar Sveini fyrir vel unnin störf og honum færð blóm. Sveinn þakkar fyrir sig. Ríkka minnir á Héraðsmót í frjálsum íþróttum á Húsavík 3 apríl. Baldur þakkar fyrir sig og fyrir mat og kaffiveitingar Kvenfélags Ljósvetninga.

13. Þingslit.

Jóhanna þakkar fyrir traust fyrir að vera kosin aftur formaður. Vill halda áfram að halda fundi úti í félögunum. Jóhanna þakkar fyrir málefnalegt og vinnusamt þing. Taldi umræðuna góð og nauðsynlega og sleit fundi.

Fundarritari Hulda, Helen og Birna